

Menningarlíf á Vopnafirði, lista- og fræðimannaíbúð og afþreying í Vopnafirði

Íþróttahús – félagsmiðstöð fullorðins fólks á öllum aldri

- Auka opnunartíma á laugardögum
- Hafa opið á sunnudögum
- Ráða starfsfólk í það - styður við það að á Vopnafirði sé heilsueflandi samfélag. Eykur tækifæri fólks til að leigja salinn og mæta í ræktina.

Félagasamtök á Vopnafirði – styrkur samfélagsins, mikið menningarlíf í kringum þau og hafa í gegnum tíðina staðið fyrir endalausum samfélagslegum umbótum.

- Slysavarnafélagið Sjöfn
- Kvenfélagið Lindin
- Skemmtifélagið
- Kiwanis
- Golfklúbburinn
- Björgunarsveitin
- Kórastarf
- Hestamannafélagið
- Mörg sögutengd félagasamtök
- Einherji
 - Auka sýnileika þeirra og starfsemi þeirra t.d. með fréttatengdu efni, félagasamtakadegi einu sinni á ári, menningardagatal þar sem fram kemur hvenær fundir eru o.s.frv.
 - Kynna félögin og starfsemi þeirra betur fyrir ungu fólki – grunnskóla??

Vantar svona afþreyingar afslöppunarhús – veitingastað, bar, kaffihús sem opin er allan ársins hring og fólk getur gengið að sem vísu í samfélaginu að sé alltaf opin og til staðar. Tillaga um hvernig hægt væri að bæta úr þessu með fyrirtæki sem hefði sterkan fjárhagslegan grundvöll:

- Stofna hlutafélag sem hefði aðsetur í fiskmarkaðnum
- Veitingahús á efri hæð
- Mötuneyti fyrir sveitarfélagið á neðri hæð (mjólkurkúin)
- Bar og kaffihús í viðbyggingu.

Mikilvægt að auka víðsýni og fjölbreytileika samfélagsins með því að koma okkur upp fræði- og listamannaíbúð. Tillaga að því hvernig það væri gert.

- Hreppurinn kaupir eitt elsta hús Vopnafjarðar, Kirkjuból eða Nýja kastala eins og það hét fyrst og fari í samstarf við húsafriðunarsjóð við að gera það upp.
- Setja Múlastofu á neðri hæðina
- Einn starfsmaður yfir sumartímann sem sér um að Vopnafjarðarkirkja sé opin, Múlastofu og jafnvel skammtíma sýningar í safnaðarheimili
- Fræði- og listamannaáðstaða á efri hæð.

Auka fjölbreytileika menningarlífs í Vopnafirði. Allavegana menningu. Og bæta markaðssetningu á menningarviðburðum bæði inná við (í Vopnafirði) og út á við (fyrir utan Vopnafjörð). Auglýsinga síða eða endurvekja Dropann????

- Auka fjármagn til markaðssetningar menningarviðburða út á við
- Koma einhverju skipulagi á auglýsingu menningarviðburða inná við (ekki endalaus dreifibréf)